

Mátis segir verðmætasköpun og nýsköpun lykilinn að því að skapa fleiri og betri störf:

ÞARASKYR OG BYGGÞARAPASTA ... MMM!

Mátis er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókna-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvælaíðnaði. Hjá Mátis starfa margir af helstu sérfræðingum landsins í matvælatækni og líftækni; matvælafræðingar, efnifræðingar, líffræðingar, verkfræðingar og sjávarútvegsfræðingar. Einnig starfar fjöldi meistara- og doktorsnema við rannsóknartengt nám hjá Mátis. Starfsstöðvar Mátis eru 10 um allt land.

„Tækifærin á Íslandi felast í að hagnýta hreina náttúru til að búa til heilnæm matvæli með jákvæða eiginleika“, segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Mátis. Hann kemur sér beint að kjarna málsins þegar SA spyrja hvað þurfi til að skapa fleiri og betri störf? „Verðmætasköpun er lykillinn að því. Markmið Mátis er að auka verðmæti þess sem landið og miðin gefa af sér og beita til þess þekkingu.“

Sókn í sjávarútvegi

Mátis á mikið samstarf við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. „Við erum inni á gólfu hjá þeim og um borð í skipunum. Fyrirtækin skynja að við búum yfir þekkingu sem þau geta nýtt og vilja nýta“, segir Sigurjón Arason, yfirverkfræðingur. „Það er t.d. hægt að nýta slóg sem til skamms tíma hefur verið hent í sjóinn. Ef það kemur nógu ferskt í land má draga úr því lífefni sem nýta má í lyfjagerð, fitusýrur og áburð.“

Annað dæmi er makrillinn sem fór mest til bræðslu þegar Íslendingar hófu að veiða þessa tegund. Einungis ári síðar var vinnslan mest til manneldis og fór þá tilbúin á markað á sama verði og gamalreyndar makrillþjóðir eins og Norðmenn fengu. Þetta þótti ótrúlegur árangur. „Aukin vinnsla uppsjávarfisks felur í sér gríðarleg tækifæri. Aukning uppsjávarafsla um 1% í neytendavöru myndi þýða 2 milljarða króna aukningu útflutningstekna“. Þetta segir Haraldur Hallgrímsson, sviðsstjóri.

Það er engin tilviljun að Íslendingar ná mun meiri verðmætum úr hverju veiddu þorskkilói á markaði en Norðmenn. Það byggir á virðisbætur sem tengir saman rannsóknir á geymsluaðferðum, vinnslu og náin tengsl við markaði. Þrátt fyrir það

er langt í land að allar afurðir þorsksins séu nýttar til fulls – tækifærin eru til staðar til að gera enn betur. Hægt er að skapa fleiri og betri störf með bættri nýtingu hráefnis og sókn á kröfuharða markaði með hreint umhverfi og jákvæð heilsuáhrif að leiðarljósi.

Vetrarhveiti, repja og eldgos

Mátis tekur einnig þátt í verkefnum sem tengjast landbúnaði. Svokallað vetrarhveiti sem sett er niður að hausti, spirar fyrir veturinn og lifir hann af ef allt gengur upp, er dæmi um það en til þessa hefur hveitirækt ekki átt upp á pallborðið á Íslandi. Einnig hefur Mátis unnið að verkefnum sem snúa að ræktun á repju og byggji. Innlent fóður er afar mikilvægt fyrir búfjárræktina. „Það er hópur bænda sem lítur á svona verkefni sem klár viðskiptatækifæri“, segir Sveinn. Hann bendir á að kornverð hafi hækkað mikið og væntanlega haldi sú þróun áfram.

Náin tengsl við skólana

Á starfsstöðvum Matíss bæði í Grundarfirði og á Sauðárkróki er stefnt að því að sérfræðingar Matíss komi að kennslu í framhaldsskólunum og tengi saman kennslu raungreina og atvinnulífið á staðnum. Það geri þeir m.a. með því að skýra hugtök með dæmum úr fiskvinnslu og útgerð. Nýting þorsks og verðmæti er eitthvað sem flestir skilja en færri átta sig á áhrifum mismunandi sýrustigs, hitastigs o.fl. á verðmæti afurðanna.

Náin tengsl hafa verið á milli Mátis og háskólanna. Nýleg verkefni tengjast makrílunum og aukinni lífefnavinnslu. Að jafnaði eru 8-15 meistaranemar og 5-10 doktorsnemar sem vinna verkefni í

samvinnu við matvæla- og líftækniyrirtæki og njóta leiðbeiningar sérfræðinga Matíss. Síðustu ár hafa 50-60 háskólanemar fengið sumarstörf við samstarfsverkefni Matíss og matvælafræðinga.

„Nútíma matvælavinnsla hvort sem er í sjávarútvegi og fiskvinnslu eða öðrum greinum byggir á þekkingu. Það er ekki hægt að skilja að hráefnavinnslu og þekkinguna. Allar framfarir, rannsóknir, nýsköpun, tækniþróun og markaðssókn byggja á öflun þekkingar, framþróun hennar og hagnýtingu. Þetta verður aldrei slitið í sundur, ekki frekar en matvælaöryggi og framleiðsla.“ Verðmætasköpun byggir á þekkingu.“ Þetta segir Guðjón Þorkelsson, sviðsstjóri menntunar og matvælavinnslu.

Skortur á lífmassa í heiminum

Í aukinni vinnslu þara og þörungum felast einhverjir helstu möguleikar Íslendinga til aukinnar verðmætasköpunar á næstu árum að mati sérfræðinga Matíss. Byggþarapasta er dæmi um vöru úr íslensku hráefni þar sem blandað er saman afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Þaraskyr er annað dæmi. Í heiminum er skortur á lífmassa og verðið hækkar jafnt og þétt, sérstaklega ef hráefnin koma út ómengduð umhverfi. Þar búum við vel og höfum áratuga mælingar til að staðfesta hverfandi mengun í sjávarfangi. Gnótt er af vatni og umhverfisvæn, ódýr orka veitir samkeppnisforskot. Framtíðin liggur í því að tengja þetta saman. Hreina og ómengaða náttúru, matvælin, orkuna og vatnið.

Mátis út um allt

Starfsemi Mátis fer fram á 10 stöðum um allt land. Verkefni koma líka alls staðar að. Þau geta komið frá fyrirtækjum, einstaklingum, skólum eða erlendis frá. Búið er við að á næsta ári komi um þriðjungur tekna Matíss erlendis frá. Það eru bæði styrkir í samstarfi við aðra sem



Byggþarapasta er dæmi um vöru úr íslensku hráefni þar sem blandað er saman afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Þaraskyr er annað dæmi.

sótt hefur verið um en einnig verkefni sem erlend fyrirtæki hafa beint til Matis. Smám saman hefur fyrirtækið öðlast viðurkenningu á þeirri þekkingu og reynslu sem það býr yfir. Erlend stórfyrirtæki, og einnig þau sem smærri eru, hafa leitað eftir samstarfi við Matis um lausn tiltekinna verkefna. Einnig sækjast erlendir námsmenn eftir því að koma til Matis gegn því að geta tekið þátt í verkefnum og öðlast hlut í þekkingunni sem þar er að finna.

Matis er opinbert hlutafélag og tilgangurinn með starfseminni er mjög skýr. Meginmarkmiðið er að auka verðmætasköpun, bæta lýðheilsu og auka matvælaöryggi. Þetta er gert með

rannsóknnum og nýsköpun á sviði matvæla og líftækni.

Engin hugmynd of vitlaus

Matis hefur aðstoðað marga frumkvöðla við að komast af stað með sinn rekstur. Það er þó ekki víst að allt takist. En þó nokkur sprotafyrirtæki lifa góðu lífi í dag. Einnig eru starfsmennirnir sjálfir hvattir til að koma með hugmyndir um nýjar vörur eða þjónustu. Allar tillögur fá umfjöllun og eru metnar og engin hugmynd þykir of vitlaus til að vera afskrifuð án skoðunar.

Sveinn Margeirsson, forstjóri, segir alla þætti starfseminnar tengjast. „Reksturinn

hefur gengið vel og það er gaman að sjá starfsemina fjármagna sig á eigin verðleikum. Hlutverk okkar er mikilvægt og Matis býr yfir eftirsóknarverðri þekkingu. Það er augljóst að eftir því sem þjóðir eldast kemur sífellt stærri hluti útgjalda hins opinbera til með að renna til heilbrigðismála. Sú þróun getur ekki haldið áfram endalaust. Fólk hlýtur því að verða að bera sífellt aukna ábyrgð á eigin heilsu. Þar skipta matvælin gríðarmiklu máli.”